

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um réttindi barnsins.

Hinn 14. janúar 2000 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytingar frá 12. desember 1995 á samningi um réttindi barnsins sem gerður var í New York 20. nóvember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992 þar sem samningurinn er birtur. Tilkynnt verður um gildistöku breytingarinnar síðar.

Breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 21. janúar 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

BREYTING

**á 2. mgr. 43. gr. samningsins
um réttindi barnsins sem samþykkt var
á ráðstefnu aðildarríkjanna
12. desember 1995.**

Ráðstefnan ákveður að samþykkja breytingu á 2. mgr. 43. gr. samningsins um réttindi barnsins þannig að í stað orðsins „tíu“ komi orðið „átján“.

AMENDMENT

**to Article 43, Paragraph (2)
of the Convention on the Rights of the Child
Adopted at the Conference of the States
Parties on 12 December 1995**

The Conference decides to adopt the amendment to article 43, paragraph 2, of the Convention on the Rights of the Child, replacing the word “ten” by the word “eighteen”.